

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2017, mánudaginn 12. júní, var haldinn 103. fundur hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn var haldinn í Sæmundarskóla og hófst hann kl. 17.11. Viðstödd voru: Ragnar Karl Jóhannsson, Gunnar Kristinsson, Berghildur Erla Bernharðsdóttir og Óttarr Örn Guðlaugsson. Einnig voru viðstödd Kristinn Steinn Traustason, fulltrúi íbúasamtaka Úlfarsárdals og Sólveig Reynisdóttir, framkvæmdastjóri ÞÁG. Fundarritari var Trausti Jónsson.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á Sæmundarskóla.
Eygló Friðriksdóttir skólastjóri Sæmundarskóla tekur sæti á fundinum.
2. Hugmyndasöfnun „Hverfið mitt 2017“. Fram fer uppstilling verkefna sem fara eiga í kosningu.
3. Fram fer umræða um bensínstöðina við Kirkjustétt í Grafarholti.
Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun.

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals hvetur eindregið til þess að Reykjavíkurborg fari í samningaviðræður við eigendur bensínstöðvar við Kirkjustétt til að finna aðra staðsetningu fyrir bensínstöðina til framtíðar. Núverandi staðsetning er að okkar mati of nálægt skóla og frístund í hverfinu.
4. Lögð fram útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 02.06.2017. Lambhagavegur 12 og 14.
5. Lögð fram útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráði, dags. 02.06.2017, Úlfarsárdalur.
6. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 27. apríl 2017, um Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 vegna breytinga á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Fundi slitið kl. 18.32

Ragnar Karl Jóhannsson

Gunnar Kristinsson
Berghildur Erla Bernharðsdóttir

Óttarr Örn Guðlaugsson